

Fundur í stjórn Þyts föstudaginn 3. mars kl 18:00.

Mættir voru: Pétur formaður, Markús Elvar, Gunnar Freyr, Jóhann, Árni Geir og Árni Þór.

1. Formaður setti fundinn og lagði fundargerð síðasta fundar fra til samþykktar. Hún var samþykkt.
2. Árni Geir greindi frá að samið hefði verið um afnot af TK bókhaldskerfinu ásamt bókhaldsaðstoð. Viðsemjandi er ER reikningsskil en þeir bjóða að taka að sér færslu bókhalds fyrir 25-30 þúsund á mánuði. Árni Geir skýrði frá hvaða þjónusta er innifalin í gjaldi. Rædd notkun greiðslukorts og skil reikninga.
3. SÍL þingið: Frá Þyt mættu Trausti Hanson, Pétur Pétursson, Markús Elvar Pétursson og Jóhann Bertelsen. Ragnar Hilmarsson er fulltrúi Þyts í stjórn SÍL. Formannafundur siglingasambandsins verður í apríl.
4. Formaður greindi frá að rekstrarstyrkur hefði hækkað úr 5,4 milljónum í 5,83. Þjónustustyrkur er í 900 þúsundum. Formaður ræddi verkefnavinnu og þjálfunarkostnað. Einnig að styrkbeiðni til kaupa Optimist báta þarf að ræða við íþróttafulltrúa.
5. Sala Valiant báts. Sala bátsins er staðfest og fengust 600 þúsund fyrir bátinn. Mótorinn hefur verið færður í hús til áframhaldandi viðgerðarvinnu.
6. Framkvæmdir á baði: Búið er að setja upp vegg um böðin sjálf. Millivegg milli búningsherbergja er ólokið.
7. Geymsluloft: Búið er að sníða niður efni í hillur.
8. Segl á Secret. Tilboð í segl hefur borist upp á 300 þúsund án flutningskostnaðar. Markúsi Elvari falið að leiða málið til lykta.
9. Formaður ræddi nauðsyn þess byrja að auglýsa starfið strax í bæjarblöðum. Markús Elvar leggur til að þeim verði fylgt eftir með greinarskrifum.
10. Markús Elvar greindi frá að hann hefði beðið um fund með hinum siglingaklúbbunum. Hugmyndin væri að athuga hvort flötur væri á að sameinast um að kosta þjálfara og þá aðallega fyrst á vorin og síðla sumars. Hér er meðal annars litið til erlends þjálfara. Gunnari Frey er falið að vinna málið áfram.
11. Skýjaborgin. Árna Þór er falið að vinna að því að tímaáætlun verði gerð um verkefnið.
12. Rekka fyrir kajaka. Formaður greindi frá að efni sé til í rekka fyrir kajaka. Brýnt sé að fara í það verkefni eftir að hilluvinnu á gámalofti sé lokið.
13. Önnur mál.
 - a. Markús Elvar ræddi notkun Drop Box kerfisins til að skiptast á skjölum.
 - b. Markús Elvar er fulltrúi Þyts í vinnuhópi um úthafssiglingar. Fundur í hópnum er áformaður fljótlega. Fyrstu verkefni hópsins eru annarsvegar réttindi til úthafssiglinga og hins vegar skoðanir skemmtibáta.
 - c. Sýri á Secret báta. Rafnar ehf eru í samstarfi við Þyt um smíði á 3 stýrum fyrir bátana.
 - d. Æfingabúðir kænusiglara verða í umsjá Nökkva og haldnar á Akureyri 1-9 júlí.